

12/3 '79

Garðar Jónsson.

STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ.

1979.

Suðurlandsumdæmi.

## 1. veðurfar ársins.

1.1 Veturinn frá áramótum var frostharður og kaldur. Snjóflóttur sem setti niður hélst fram að mánaðarmótum mars-apríl en hafði þá fokið í skafla. Klaki fór djúpt í jörðu sérstaklega þar sem snjór hafði fokið af, og fór ekki úr jörðu fyr en um mánaðarmótin júní-júlí. Nær ekkert var hægt að taka af hnausplöntum til sölu, vegna þess að þær voru fastar í klaka. Sömuleiðis seinkaði gróðursetningum um hálfan mánuð til þrem vikum frá venjulegum gróðursetningartíma vegna þess hvað klaki fór seint úr jörðu. Sumarið var kalt og þurrt, en nýttist vel til allra verka. Haustið og veturinn til áramóta var einnig fremur kalt, en sæmilegt til vinnu útiverka.

## 1.2 Hita og úrkomumælingar á Hæli í Gnúpverjahreppi 1979.

	<u>Árið 1979:</u>		<u>Meðaltal '31-'60:</u>	
	Meðalhiti°	Úrkoma (mm)	Meðalhiti°	Úrkoma(mm)
Janúar	- 6.0	52.4	- 1.7	87.
Febrúar	- 1.3	106.0	- 1.6	82.
Mars	- 5.8	37.6	0.3	82.
Apríl	1.6	37.0	2.2	73.
Mái	1.5	32.1	6.6	59.
Júní	8.3	134.7	9.9	62.
Júlí	9.7	70.9	11.7	78.
Ágúst	9.9	28.5	10.7	91.
September	4.7	113.6	7.8	107.
Október	4.3	73.3	3.7	131.
Nóvember	- 0.3	57.2	1.2	102.
Desember	- 1.5	100.9	- 0.4	97.
<u>Árið:</u>	<u>"2.1"</u>	<u>844.2 mm.</u>	<u>4.2"</u>	<u>1051.mm.</u>

## 2. Vöxtur og þrif trjágróðurs.

### 2.1 Laufgun og lauffall birkis.

Laufgun á birki í trjágróðum á Selfossi tel ég að hafi verið um 15 júní. Er þá mest um Bæjarstaða kvæmi að ræða. Um svipað leiti tel ég að laufgun hafi verið á Þórsmörk, ég var þar dagana 11 - 15 júní. Í Þjórsárdal um 20 - 25 júní.

### 2.2 Vöxtur.

Ársvöxtur var yfir það heila lélegur, en telst þó vel viðunandi eftir svo kalt og þurrt sumar. Barrnálar á sitkagreni stuttar og harðar.

### 2.3 Fræfall.

Fræ á trjágróðri var mjög lítið, og engu safnað. Af lúpínu var safnað fræi 29 - 31 ágúst, um þrem vikum síðar en venjulega. Um magn veit ég ekki, fræið er á Mógilsá.

### 2.4 Skaðar.

Skaðar urðu nokkrir á stafafuru. Lýstu þeir sér þannig að um greinadauða var að ræða. Helst hallast ég að því að kenna megí haust eða vetrarfrosti um það. Minnst bar á þessum greina dauða í Skagway kvæmi.

## 3. Starfsfólk.

### Lausráðið fólk.

J.	F.	M.	A.	M.	J.	J.	Á.	S.	O.	N.	D.
1	1	1	1	7	12	11	11	3	2	3	1

Greiðslur til þessa fólks urðu á árinu kr. 15.311.770  
Vinnuflokkurinn hafði aðsetur í Þjórsárdal, nema tvennt sem var við gæslu í Þórsmörk mánuðina júní - ágúst.  
Tveir fastráðnir starfsmenn (BSRB) starfa allt árið og ~~er~~ laun til þeirra kr. 10.618.267.

#### 4. Girðingar.

##### 4.1 Viðhald.

Viðhald á girðingum var með svipuðum hætti eins og áður. Á Þórsmörk var gert vel við girðinguna. Endurgirða þurfti ca. 400 m. kafla á Hvannáraurnum vegna þess að Krossá hafði breitt farvegi sínum frá árinu áður. Nýtt hlið var sett á girðinguna á veginn í Hamraskógi, einnig göngu-tröppur til hliðar við aksturshliðið.

Í Þjórsárdal er girðingin all sæmileg. Þó er kostnaðarsamt að halda henni við, bæði er hún löng (ca.26 km.) og ekki er hægt að komast hjá því að girða yfir nokkrar ár.

Lélegust er hún á kaflanum frá Sandá að austan að Reykholtshver. Þar er girðingin gömul (1938) og úr sér gengin, vírinn og netið sandblásið og stökkt, staurar rekaviðar staurar frá því að girðingin var sett upp, hefur þó á seinni árum verið bæt inni nokkuð af járnstaurum. Á næstu árum þarf að endurgirða þennan kafla.

Laugarvatnsgirðing sem öll er nýleg, er gáð hvað efni snertir. Kaflinn uppi á Laugardalsfjalli er erfiður í viðhaldi vegna snjóa og veðra, þarf þar af leiðandi töluvert viðhald á hverju ári, en hjá því verður ekki komist.

Skarfanegirðing er sæmileg, ef frá er talið beitarhólfsgirðing klofabænda. Sú girðing er gjörsamlega ónýtt og verður að gera eitthvað í því máli á árinu 1980.

Skaftafellssýslu girðingar á klaustri og Hlíð, eru litlar en sæmilega góðar. Þar er yfirleitt snjólétt og þurfa þær því lítið viðhald.

Um efnismagn til viðhalds einstökum girðingum, er það að segja, að sami lager<sup>er</sup> fyrir allar girðingar og efni skrapað saman hér og þar eftir því sem kostur er.

Vinnukostnaður til viðhalds girðingum varð kr. 1.197.839 fyrir utan vinnu fastráðinna starfsmanna, sem ekki er sérstaklega sundurliðaður.

##### 4.2 Nýjar girðingar.

Í Hrauntúni í Biskupstungum var byrjað að girða skóglendið, sem samið hafði verið um við eigendur jarðarinnar, fyrir nokkrum árum, að taka undir skógrækt. Girtur var austur-

kanturinn á landinu 2276 m. að lengd. vinnan var boðin út í ákvæðisvinnu kr. 600 þús. á km. og varð því kostnaður við vinnuna samtals kr. 1.365.600. Ýtukostnaður vegna lagfæringa á girðingarstæði varð kr. 135.254.

Í Þjórsárdal voru girtir tveir kaflar að nýju 2050 m. Annar 1000 m. langur norð-austan við Dímon niður að Sandá. Hinn kaflinn á hafinu austur við Þjórsá. Var hann settur upp til að fá örugga vörn við Þjórsá. Þessi girðing snýr að beitarhólfi Gnúpverjahrepps. Gnúpverjahreppur lagði til efni í þennan kafla, en skógræktin sá um uppsetningu á girðingunni. vinnukostnaður við þessa 2050 m. kr.1.122.872.

## 5. Skógarhögg.

### 5.1 Jólatré.

Í Þjórsárdal var byrjað að höggva jólatré um mánaðarmótin okt.-nóv. og unnu 3 menn að því með öðrum verkum út nóvembermánuð. Illa leit út með jólatrén vegna þess hvað þau voru gul. Jafnvel tré sem borið var á í sumar voru ekki fallega græn nema neðst. vafalaust má kenna kuldum og þurrki í sumar hvað áburður hefur nýst illa. vegna þessarar gulu í trjánum varð að þvælast um allan skóg til þess að ná í tré sem voru sæmilega græn. Mest var þó tekið af trjám í Lambahöfða. vinnukostnaður við umhirðu jólatrés-töku og sölu varð kr. 1.215.373.

### 5.2 Seld jólatré.

#### Rauðgreni.

0.70 - 1.00 m.	357 stk.
1.01 - 1.25 -	533 -
1.26 - 1.50 -	434 -
1.51 - 1.75 -	126 -
1.76 - 2.00 -	71 -
2.01 - 2.50 -	21 -
2.51 - 3.00 e	9 -
3.01 - 4.00 -	4 -
5.00 - 6.00 ¶	1 -

Samt. 1556 stk.

Stafafura.

0.70 - 1.00 m.	24 stk.
1.01 - 1.25 -	61 -
1.26 - 1.50 -	35 -
1.51 - 1.75 -	16 -
1.76 - 2.00 -	4 -

Samt. 140 stk.

Þinur.

0.70 - 1.00 m.	9 stk.
1.01 - 1.25 -	11 -
1.26 - 1.50 -	11 -
1.51 - 1.75 -	4 -

Samt. 35 stk.

6. Gróðursetning.

6.1 Þjórsárdalur.

Seint var hægt að byrja gróðursetningar í vor vegna klaka í jörðu. 18 júní komust fyrstu plönturnar niður. Viða varð að hlaupa yfir svæði þar sem svo grunnt var á klaka að ekki fékkst nægilega djúp stunga fyrir plöntur. Segja má að gróðursetning hafi ekki hafist fyr en 3 - 4 vikum síðar en í venjulegu árferði. Mestu var plantað á svokallaða Móa, Hundastapa og Hallshöfða, en allir þessir staðir eru vestan túns á Skriðufelli. Þarna er víðast mjög lágt birkikjarr og víðibreiður 50 - 70 cm. hátt, nema syðst á Mounum þar er sémilegt birki 3- 4 m. hátt. Einnig var plantað nokkru af sitkagreni í gamlar rauðgrenirásir í Selhöfðum. 3000 græðlingum af alaskaviðir var stungið niður órættum á nokkrum stöðum í Illagili og Hagafjalli.

6.2 Skarfanes.

Í Skarfanes var farið 12 júlí og plantað stafafuru og lerki framan við aðal skóginn í Lambhaganum. Á undanfórnum árum hefur verið gróðurseytt stafafura á svipuðum slóðum, en plantanir yfirleitt farið illa. Nú var sett niður smávegis af lerki þarna og verður nú gaman að sjá samanburð á móti stafafurunni. Ef það gengur vel þá er þarna mikið landflæmi til lerkigróðursetningar. Vinnukostnaður við gróðursetningar varð kr. 1.386.804.

### 6.3 Gróðursetningar 1979.

#### Þjórsárdalur.

Birki Hálsar	1/1 m. B 843	800 <sup>v</sup> stk.	1023	2204	1024
Sitkagr.Cordova	2/3 m. B 817	1000 <sup>v</sup> -	2222	2227	
Sitkagr.Cordova	2/4 m. B 817	350 <sup>v</sup> -	2229		
Sitkagr.Homer	2/3-2/2 br.B 858	1885 <sup>v</sup> -	2224		
Sitkagr.Cordova	2/3 br.B 817	7200 <sup>v</sup> -	3320	3121	2225
Sitkagr.Haines	2/2 br.B 911	1825 <sup>v</sup> -	2226		
Blágr. Mc.Kenzie	2/2 br.B 781	500 <sup>v</sup> -	2228		
Síb.Lerki Altai	2/1 m. B 894	10000 <sup>v</sup> -	2214	2217	2221
Stafafura Skagw.	2/2 m. B 890	1100 <sup>v</sup> -	2229	2223	(litlar)
Stafafura Skagw.	2/2 m. B 890	7000 <sup>v</sup> -	2215	2220	(stórar)
Víðir Cord.Flats	(S4) græðl.	3000 <sup>v</sup> -	1105	1115	

Samt. 34660<sup>v</sup> stk.

#### Skarfanés.

Síb.Lerki Altai	2/1 m. B 895	2000 <sup>v</sup> stk.	1520	1526	
Stafafura Skagw.	2/2 m. B890	3000 <sup>v</sup> -	1518	1519	

Samt. 5000<sup>v</sup> stk.

### 7. Hirðing plantna.

7.1 Í Þjórsárdal var hreinsaður teinungur í Selhöfðum. Var aðallega hreinsað frá rauðgrenni gróðursetningum sem ætlunin er að reyna að gera að jólatrjám síðar. Allafar sést það betur og betur hvað slæmt það er að hafa trassað hreinsun frá gróðursetningum. Sérstaklega á það við um reiti sem ætlaðir hafa verið til ræktunar á jólatrjám. Þar sem ekki hefur verið hreinsað eru tréin skemmd á hliðum, mikið um tvítoppa og þar með óhæf söluvara, en það tekur trén nokkur ár að jafna sig eftir fráhreinsun. Kjarrsagir voru svo til eingöngu notaðar við fráhreinsunina. Prófað var að drepa teinungmeð Glyfosati, en horfur eru á að það hafi mistekist að einhverju leyti, trúlega er þar um vankunnáttu á meðhöndlun efnisins að ræða.

## 7.2 Áburðargjöf.

Sjö tonnum af áburði var dreift í Þjórsárdal. Þrem tonnum af Kjarna var dreift með handafli, og þá aðallega á jóla-trés reiti. Flugvél Landgræðslunnar dreifði 4 tonnum af tvígildum áburði á sitkagrenið í Selhöfðum austanverðum, sem í daglegu tali eru nefndir Gullhektarar. Öllum áburði var dreift fyrstu dagana í júlí.

## 8. Byggingar.

### 8.1 Viðhald.

Það helsta í viðhaldi á vinnuskálanum í Þjórsárdal var það að fúaverja þá að utan einnig voru þök máluð. Smíðaðir fataskápar í svefnskálann sem reistur var þar á árinu 1977. Stúkuð var af skrifstofukompa á verkstæðinu sem skógræktin hefur á Selfossi.

## 9. Vélar og verkfæri.

### 9.1 Vörubifreiðin X.-2395.

Fyrst á árinu var húsið á vörubifreiðinni skrapað og lakkað. Bremsur voru yfirfarnar, ný vatnsdæla og miðstöðvarmótor var sett í bílinn, einnig ný framrúða sem brotnaði vegna grjótkasts. Vinnukostnaður vegna viðgerða kr. 349.641. Samtals varð kostnaður við rekstur X.-2395 kr. 1.140.250.

### 9.2 Landrover X.-139.

Mótorinn í jeppanum var orðinn hálf lélegur. Vegna þess var skipt um stimpilhringi, slípaðir ventlar, settir nýir legubakkar í stimpilstengur og girkassi yfirfarinn með tilheyrandi varahlutum. Viðgerðar og reksturskostnaður varð alls kr. 1.468.920.

### 9.3 Vinnuvélar og verkfæri.

Keypt var uppgerð grafa á traktorsgröfuna kr. 700.000. Gamli Fergusons traktorinn var yfirfarinn og málaður. Á hann var smíðuð öryggisgrind. Keypt afturdekk á hann. Keypt ný JOBÚ kjarrsög. JOBÚ kjarrsagirnar hafa ekki staðist sam-anburð við HUSQVARNA sagirnar og er þar mikill munur. Þó hinar síðarnefndu séu dýrari í innkaupi, þá marg borgar sig að kaupa þær, því þær eru langtum sterkari og ódýrari í rekstri. Síðast á árinu var keypt borvél og slípirokkur.



Smáverkfæri voru aðeins fengin í stað þeirra sem eðlilega ganga úr sér á hverju ári. Samanlagður kostnaður vegna vinnuvéla og verkfæra varð kr. 2.374.574. Þó ber þess að geta að díselolía sem keypt var á jeppakálfinn kr. 235.436 er öll gjaldfærð á vinnuvélar, en þar á vörubifreiðin að minnsta kosti að taka á sig helming eða meira.

## 10. Ýmislegt.

10.1 Ferðalög mín á starfsárinu voru aðallega í skóglendi Skógræktar ríkisins á Suðurlandi, Laugarvatn, Þjórsárdal, Skarfanæs og Þórsmörk. Voru þær ferðir svo til eingöngu í sambandi við framkvæmdir á hverjum stað. Nokkrar ferðir að Hrauntúni í Biskupstungum vegna byrjunarframkvæmda á girðingu um landið þar. Eftirlitsferð fór ég um miðjan júlí austur í Vestur-Skaftafellssýslu, meðal annars til að líta í girðingarnar í Hlíð og á Kirkjubæjarklaustri. 1 - 15 ágúst fór ég í skógræktarferð til Tromsfylkis í Noregi. Sá ég þar gróðursetningar sem ég tók þátt í að planta fyrir 30 árum. Var það mjög fróðlegt tilsamanburðar á gróðursetningum hér heima sem plantað var á sama tíma. Var ég mjög ánægður með árangur hér við þann samanburð. Starfsmannafund Skógræktar ríkisins sat ég í Reykjavík dagana 19 - 23 mars. Aðalfund Skógræktarfélags Árnesinga að Flúðum 17 apríl, auk þess nokkra fundi með deildum félagsins.

## 10.2 Ferðafólk.


Eins og undanfarandi ár vorum við tilneyddir til að hafa útivistarsvæði bæði í Þjórsárdal og á Þórsmörk. Í Þjórsárdal var varsla á svæðinu aðeins um helgar, enda mjög lítið um dvalargesti á öðrum dögum. Á Þórsmörk voru tveir fastir gæslumenn mánuðina júní - ágúst. Starf þeirra fólst í umsjón með fé og fólki, hafa eftirlit með girðingunni, auk þess áttu þeir að aðstoða við löggæslu á staðnum. Af störfum þeirra er allt gott að segja og lærdóm má af þeim draga, og telja verður að fullkomin þörf sé á slíkri gæslu á Þórsmörk. Að vísu réðu þeir ekki við að halda Mörkinni fjárlausri, sem ekki var von, því þar þarf meira til að

koma en tveir hundlausir menn. En á starfi þeirra mátti sjá, að Þórsmörk hefur ekki verið eins snyrtileg í mörg ár eins og í sumar, og voru margir er höfðu orð á því. Ekki var bætt aðstaða dvalargesta á hvorugum staðnum, er þó full þörf á því, en það kostar mikla peninga. Í Þjórsárdal má segja að fjárhagslega hafi útivistarsvæðið gengið sæmilega, því kostnaður varð um 400.þús. krónur, en tekjur af tjaldgjöldum kr. 588.690. En á Þórsmörk varð aftur á móti önnur útkoma. Kostnaður kr. 3.473.259, en tekjur af innheimtum tjaldgjöldum kr. 406.500. Dómsmálaráðuneytið greiddi að vísu uppí þennan kostnað vegna lög-gæslu kr. 1200. þúsund.

10.3 Gestir skógræktarinnar.

Síðustu helgina í júlí kom Skógræktarfélag Selfoss í heim-sókn í Þjórsárdal. Dvöldu þeir þar í einn dag í ágætis veðri. Gengið var um skóginn og skoðað, þeim sagt frá gróðursetningum og öðrum störfum er þar fara fram.

Selfossi 31. des. 1979.

  
Garðar Jónsson